



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 · 101 Reykjavík

sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068

postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Nefndasvið Alþingis  
Hildur Edwald, nefndasvid@althingi.is  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík 15. nóvember 2018

Tilv.: MMR18100137/0.4.3-

Óskað hefur verið eftir umsögn mennta- og menningarmálaráðuneytis um tillögu til þingsályktunar um dag nýrra kjósenda (27. mál 149. löggjafarþings, 2018-2019, þingskjal 27).

Mennta- og menningarmálaráðuneyti fagnar frumkvæði Alþingis og styður tillögu til þingsályktunar um dag nýrra kjósenda.

Ráðuneytið vill í þessu sambandi vekja athygli á að á undanförunum árum hafa frjáls félagasamtök og ungliðahreyfingar stjórnmalaflokka unnið að lýðræðisfræðslu og hvatt til virkrar þátttöku ungs fólks í samfélaginu. Landssamband ungmennafélaga og Samband íslenskra framhaldsskólanema hafa síðastliðin ár staðið fyrir lýðræðisátakinu #Ég kýs innan skólasamfélagsins og hefur ráðuneytið stutt við verkefnið frá upphafi.

Lýðræði og mannréttindi er einn af grunnþáttum menntunar samkv. aðalnámskrá mennta- og menningarmálaráðuneytis og byggir á gagnrýnni hugsun og ígrundun um grunngildi samfélagsins. Áherslur Barnamenningsrjósðs Íslands, sem stofnaður var í tilefni af 100 ára fullveldisafmæli Íslands, um að efla samfélagsvitund og stuðla að lýðræðislegri þátttöku barna í samfélaginu samræmast vel við grunnþætti menntunar og við fyrirbyggjandi tillögu til þingsályktunar.

Með vísan til ofangreindra atriða telur ráðuneytið að tillaga til þingsályktunar stuðli að aukinni þekkingu ungs fólks á þátttöku í lýðræðislegu samfélagi. Í ljósi þess að samráð við ungt fólk fer sífellt vaxandi þá hvetur ráðuneytið Alþingi til að halda áfram samráði við ungt fólk í skipulagningu og framkvæmd á degi nýrra kjósenda.

Beðist er velvirðingar á hve dregist hefur að svara erindi yðar.

Fyrir hönd ráðherra

  
Karitas H. Gunnarsdóttir

  
Valgerður Þórunn Bjarnadóttir